

Skipulagsstofnun
b.t. Jóns Smára Jónssonar
Laugavegi 166
105 Reykjavík

Reykjavík 8. júní 2020

Vísað er í bréf Skipulagsstofnunar, dags. 20. maí 2020., þar sem óskað er eftir umsögn Reykjavíkurborgar um tillögu að matsáætlun um framkvæmd Vegagerðinnar á breikkun Suðurlandsvegur frá Bæjarhálsi að Hólmsá. Tillagan að matsáætlun framkvæmdarinnar er dagsett 13. maí 2020 og miðast við feril mats á umhverfisáhrifum framkvæmda skv. lögum nr. 106/2000 og reglugerð nr. 660/2015 en framkvæmdin telst matskyld.

Óskað er eftir því að Reykjavíkurborg meti hvort tillagan geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar og hvort réttir umhverfisþættir séu teknir til skoðunar og hvort áætluð gagnaöflun sé ásættanleg.

Skrifstofa umhverfisgæða á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur vinnur umsögnina fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Að mati skrifstofu umhverfisgæða er tillagan að matsáætlun vel unnin og fjallað er um flest atriði sem munu skipta máli í umhverfismati áætlaðrar framkvæmdar. Þá fylgja tillögunni svör við athugasemdum sem bárust þegar drög að tillögunni voru auglýst í vetur.

Mjög mikilvægt er að vanda vel að undirbúningi umhverfismatsins þar sem um og fjölpátta framkvæmd er að ræða og varðar nokkur mikilvæg náttúruverndarsvæði. Það skiptir miklu máli að öll umhverfisáhrif séu vel þekkt, að hugað verði að öllum álitlegum valkostum sem og nauðsynlegum mótvægisáðgerðum til að tryggja að neikvæð umhverfisáhrif verði sem minnst.

Í ljósi þessa vill skrifstofa umhverfisgæða fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur koma eftirfarandi atriðum á framfæri er varða framkvæmd umhverfismatsins eins og því er lýst í tillögu að matsáætlun:

Afmörkun svæðis, skipulagsstaða og leyfisveitingar

Í umfjöllun um afmörkun framkvæmdasvæðis (kafli 2.2). Lagt er til að við mat á áhrifum á hljóðvist sé einnig horft til þess hvort og hvernig hávaði vegna umferðar og aukinnar nálægðar við hana, geti haft áhrif á fuglalíf á Rauðavatni og Bugðu/Hólmsá sem og á umferð hesta.

Í umfjöllun um fyrirbyggjandi skipulagsáætlanir (kafli 2.3) kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Bæta mætti við þessa umfjöllun þannig að það sé skýrt um hvaða ósamræmi er að ræða og hvaða breytingar á aðalskipulagi þurfi að eiga sér stað að mati framkvæmdaaðila. Þá má benda á að í undirbúningi er nýtt deiliskipulag fyrir Rauðhóla og skarast framkvæmdasvæðið við það skipulagssvæði. Skipulagslýsing er nú í lokavinnslu á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur.

Yfirlit yfir nauðsynleg leyfi vegna framkvæmdarinnar er ítarlegt og ekki er að sjá að nokkuð vanti þar.

Lýsing á framkvæmd og valkostir

Í kafla 3 er framkvæmdinni lýst gaumgæfilega, þar er staðháttum sem takmarka ákveðnar útfærslur gerð skil og valkostir tilgreindir. Afar mikilvægt er að sem flestir valkostir séu til skoðunar í þeim tilfellum þar sem hætta á neikvæðum umhverfisáhrifum er mest. Að mati umhverfis- og skipulagssviðs á það einkum við um áhrif á Rauðavatn, á Rauðavatnsskóg, á Bugðu/Hólmsá, á svæði innan Rauðhólaflókvangs og almennt á vatnsverndarsvæðið í Heiðmörk.

Ákvörðun hefur verið tekin um að það sé ekki til skoðunar að breyta veglínu Suðurlandsvegur. Ein tillaga sem hefur verið skoðuð áður snýst um að færa veglínu að hluta eða öllu leyti norður fyrir Bugðu. Henni er hafnað m.a. vegna kostnaðar en einnig umfangs framkvæmda og umhverfisáhrifa. Eðlilegt væri að sú tillaga væri ekki útilokuð fyrir fram heldur væri hluti af umhverfismatinu til að hægt sé að bera saman slíkan valkost til jafns við þá sem lagðir eru til. Í það minnsta væri jákvætt að í frummatsskýrslunni verði ítarlegri umfjöllun um þessi þekktu umhverfisáhrif til að rökstyðja betur hvers vegna þessi kostur er ekki lengur til skoðunar þar sem ljóst er að hann er bæði fjarri legu Bugðu og vatnsverndarsvæðinu.

Þrjú valkostir eru lagðir fram vegna vegamóta við Breiðholtsbraut. Allir gera ráð fyrir einhvers konar fyllingu út í Rauðavatn, mismikilli. Rauðavatn er undir hverfisvernd og frekari skerðingar á vatninu eru líklegar til að valda tjóni á búsvæðum lífvera þ.m.t. fugla. Eðlilegt væri að ræða möguleika á því að sleppa fyllingu þótt það gæti þýtt einhverja breytingu á legu vegarins.

Tveir valkostir eru lagðir fram vegna vegamóta við Heiðmerkurveg. Fyrri valkosturinn gerir ráð fyrir nýjum tengivegi, nýrri brú yfir Bugðu og nýjum undirgöngum en sá seinni gerir ekki ráð fyrir mikilli mannvirkjagerð heldur krefst þess að vegfarendur sem vilja komast í vesturátt af Heiðmerkurvegi taki á sig krók til austurs og snúi við á gatnamótum við Hafravatnsveg. Skrifstofa umhverfisgæða telur ljóst strax á þessu stigi að með tilliti til umhverfisáhrifa hljóti seinni valkosturinn að vera mun betri því hann felur ekki í sér þessa mannvirkjagerð með töluverðu raski á ósnortnu gróðurlendi sunnan Bugðu og á bökkum hennar í tengslum við brúar- og gangnagerð. Þá minnkar til muna sá hluti framkvæmdarinnar sem er áætlaður innan hins friðlýsta Rauðhólaflókvangs sem er vinsælt útivistarsvæði og innan vatnsverndarsvæðis. Mengunarhætta fyrir Bugðu myndi einnig minnka með því að sleppa þessum tengivegi og sérstakri brú yfir ána. Einnig aðskilst betur umferð bíla og ríðandi þar sem reiðvegur er staðsettur afar nálægt áætluðu vegstæði tengivegarins. Að lokum ber að geta þess að vegna vatnsverndarsjónarmiða er ekki talið skynsamlegt að auka umferð um Heiðmerkurveg umfram það sem hún er í dag og ljósi þess má segja að það sé auðvelt að réttlæta þá litlu fyrirhöfn sem krókur að næsta hringtorgi er fyrir vegfarendur. Hvað sem öðru líður þarf að huga vandlega að ýmsum umhverfisþáttum við mat á þessum valkostum þ.m.t. áhrif á lífríki Bugðu/Hólmsár, búsvæði fugla, rask á gróðri, áhrif á útivist einkum hestamennsku og umferð hjólandi og gangandi í Rauðhólaflókvangi og áhrif á vatnsvernd.

Í umfjöllum um frágang mætti bæta við mögulegu raski á botni og bökkum Rauðavatns og Bugðu/Hólmsár og mótvægisáðgerðum því tengt.

Áherslur mats á umhverfisáhrifum

Í kafla um umferð á framkvæmdatíma mætti fjalla nánar um hvernig áætlað athafnasvæði vinnuvéla næst viðkvæmum svæðum eins og Rauðavatni og Bugðu/Hólmsá verður háttað, með tilliti til rasks og mengunarhættu.

Í umfjöllun um gróðurfar, fugla og vatnalíf er vitnað í úttekt á framkvæmdasvæði sem var farið í árið 2008 og lagt til að stuðst verði við niðurstöður þeirrar úttektar. Þessar úttektir fylgja ekki með tillögunni og ekki er heldur vitnað til þessara úttekta í heimildaskrá tillögu að matsáætlunar. Mikilvægt er að umsagnaraðilar geti nálgast þessar úttektir til að geta lagt mat á gæði þeirra fyrir umhverfismatið. Reykjavíkurborg óskaði eftir að fá þær sendar og var það lítið mál og mjög gagnlegt að geta kynnt sér innihald þeirra. Heppilegra hefði verið ef þær hefðu fylgt með matsáætluninni eða vísað í hvar þær væru aðgengilegar.

Náttúrufarsúttektir þessar eru nú 12 ára gamlar og gögnin sem fjallað er um í þeim er stundum enn eldri og því er mikilvægt að meta hvort endurgera þurfi sambærilegar athuganir í umhverfismati framkvæmdarinnar ef engar aðrar athuganir hafa farið fram síðan. Forsendur geta vel hafa breyst á þessum tíma. Til dæmis hefur fuglalíf við Rauðavatn tekið nokkrum breytingum undanfarið með fjölgun flórgoða. Breytingar á stöðu fiskistofna í Hólmsá og Bugðu geta einnig tekið töluverðum breytingum milli ára. Tryggja þarf að upplýsingar um náttúrufar séu upplýsandi um núverandi ástand. Þetta er mjög mikilvægt því svæði með verðmætu gróðurfari, fugla- og vatnalífi eru á áhrifasvæði framkvæmdar.

Við mat á hljóðvist er mikilvægt að taka tillit til áhrifa á útivist, sér í lagi umferð hestamanna, en vel þekkt er að hestum bregði við skyndileg hljóð. Einnig ber að meta ef hægt er möguleg áhrif hávaða á fuglalíf við Rauðavatn.

Skrifstofa umhverfisgæða mun veita umsögn um frummatsskýrslu framkvæmdarinnar fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur (og drög að frummatsskýrslu ef boðið verður upp á slíkt) og áskilur sér einnig rétt á frekari athugasemdum á seinni stigum svo sem við veitingu framkvæmdaleyfis og við nauðsynlegar skipulagsbreytingar.

f.h. skrifstofu umhverfisgæða, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur.

Snorri Sigurðsson, verkefnastjóri, deild náttúru og garða.